

Steinunn Kristjánsdóttir

# Skriðuklaustur – híbýli helgra manna

Áfangaskýrsla fornleifarannsókna

2002





## Skriðuklaustursrannsóknir

© Steinunn Kristjánsdóttir 2003.

Skriðuklaustur – hífýli helgra manna.

Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2002.

Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna I.

Forsíðumynd: Lógó Skriðuklaustursrannsóknna. Kinga úr látúni með gagnskornu verki. Frá 14. öld, sennilega íslensk. Sums staðar vottar fyrir gyllingu. Fundin í gömlum bæjarmoldum á Skriðuklaustri. Þjms. 7229.

ISBN 9979-9576-3-8.

## Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	4
<b>2. FORNLEIFARANNSÓKN</b> .....	5
<b>3. UPPGRÖFTUR</b> .....	6
<b>3.1 RÚSTIR</b> .....	7
<b>3.2 GRIPIR</b> .....	8
<b>3.3 INNRÉTTINGAR</b> .....	11
<b>3.4 BEIN</b> .....	13
<b>4. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	15
<b>4.1 KLAUSTUR BYGGT Á KIRKJUTÚNINU UM ALDAMÓTIN 1500</b> .....	15
<b>4.2 KIRKJUTÚNIÐ Á SKRÍÐU</b> .....	17
<b>4.3 ANDLEGT AMSTUR AÐSKILIÐ FRÁ ÞVÍ VERALDLEGA</b> .....	18
<b>5. SAMANTEKT</b> .....	21
<b>7. FYLGISKJÖL</b> .....	23
<b>7.1 TEIKNINGAR</b> .....	24
<b>7.2 FUNDASKRÁ</b> .....	28
<b>7.3 JARÐLAGASKRÁ</b> .....	37
<b>8. HEIMILDASKRÁ</b> .....	38

## 1. Inngangur<sup>1</sup>

Þann 18. júní 2002 hófst fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Meginmarkmið uppgraftrarins er að rannsaka klaustur það sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal á tímabilinu 1493-1554. Ein helsta rannsóknarspurning fornleifauppgraftrarins lýtur að byggingarlagi klaustursins og starfsemi þess. Vonast er til að niðurstöður hans muni jafnframt varpa skýrara ljósi á klausturlíf í íslenskum miðaldaklaustum.

Uppgröftur sumarsins 2002 stóð til 16. ágúst. Ráðnir voru 10 starfsmenn til hans. Sjö þeirra unnu við uppgröftinn allt tímabilið, aðrir í skemmri tíma. Starfsmennirnir voru eftirtaldir, auk höfundar sem verkstýrði uppgreftri:

Jón Ingi Sigurbjörnsson, félags- og sagnfræðingur.

Sófus Jóhannsson, sagnfræðingur.

Daniel Lindblad, fornleifafræðingur.

Stefano Paci, fornvistfræðingur (sérgrein:viðargreiningar).

Bára Sigurjónsdóttir, tónlistarkennaranemi.

Julian Jansen van Rensburg, 2. árs fornleifafræðinemi.

Jonathan Møller, fornvistfræðingur (sérgrein:greiningar á dýrabeinum).

Helene Martin, sagnfræðingur.

Rosie Fuller, 2. árs fornleifafræðinemi.

Cristina Bastiani, leiðsögumaður.

Auk ofantalinna var Magnús Sigurgeirsson jarðfræðingur fenginn til þess að greina gjóskulög á rannsóknarsvæðinu og umsjón með forvörslu höfðu þau Halldóra Ásgeirsdóttir og Helgi Örn Pétursson, forverðir á Þjóðminjasafni Íslands. Allir þeir gripir sem grafnir voru upp sumarið 2002 eru nú varðveittir þar.

Uppgröfturinn á Skriðuklaustri var rekinn fyrir fjárframlag úr Kristnihátíðarsjóði. Auk þess hlutu Skriðuklaustursrannsóknir styrk úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins fyrir

---

<sup>1</sup> Áfangaskýrsla þessi er unnin upp úr gögnum sem áður hafa verið birt um rannsóknina á Skriðuklaustri, þ.e. framvinduskýrsla sem höfundur skilaði með umsókn í Kristnihátíðarsjóð í september 2002 og grein sem birt var eftir höfund í Glettingi haustið 2002 (sjá heimildaskrá: Steinunn Kristjánsdóttir 2002a og 2002b).

verkefnið Excavation Centered Training in European Archaeology (ECTEA) sem sótt hafði verið um í samvinnu við breska fyrirtækið Grampus Heritage and Training Ltd. ECTEA-verkefnið miðar að þjálfun breskra nema í uppgraftrartækni. Með styrknum var greidd þátttaka fjögurra fornleifafræðinema úr breskum háskólum.

Jafnframt var samstarfssamningur gerður við ítölsku viðargreiningarstofuna Istituto per la Ricerca sul Legno í Flórens um vistfræðigreiningar og þjálfun tveggja ítalskra vísindamanna við uppgröftinn. Aðrir styrktar- og samstarfsaðilar voru Héraðsskógar á Egilsstöðum, Fuji-umboðið á Íslandi, Hönnun og ráðgjöf ehf á Egilsstöðum, Húsasmiðjan, Gunnarsstofnun, Klausturkaffi á Skriðuklaustri, Landsvirkjun og Brimborg.

Stjórn Skriðuklaustursrannsókna fer með yfirumsjón fornleifarannsóknarinnar á Skriðuklaustri. Í stjórninni sátu árið 2002 auk verkefnisstjóra, Steinunnar Kristjánsdóttur, Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri og Rannveig Þórhallsdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands á Egilsstöðum.

## 2. Fornleifarannsókn

Vinna við fornleifarannsóknina á Skriðuklaustri hófst fyrir alvöru í upphafi árs 2002, þó uppgröftur hæfist ekki fyrr en í júní. Undirbúningur hafði þá staðið yfir með hléum frá árinu 2000 og var tímabilið nýtt til þess að framkvæma forkönnun á staðnum, svo og til þess að afla fjármagns fyrir heildarrannsóknina.

Ekki var vitað með vissu hvar klaustrið stóð á Skriðujörðinni, þar til forkönnunin var gerð þar sumarið 2000. Þá fundust rústir mikilla bygginga á svokölluðu Kirkjutúni<sup>2</sup> en það liggur um 150 metrum neðan við gamla bæjarstæðið á Skriðu (teikning 7.1.1). Með hjálp greininga á gjóskulögum var hægt að staðfesta að rústir þessar væru frá klausturtímanum og líklegt þótti að um rústir klaustursins sjálfs væri að ræða.<sup>3</sup> Þessar niðurstöður voru hafðar að leiðarljósi þegar ákvörðun um frekari rannsókn á Skriðuklaustri var tekin.

---

<sup>2</sup> Samkvæmt Helga Hallgrímssyni (1987-88) er Kirkjutúnið í daglegu tali einnig kallað Kirkjuvöllur.

<sup>3</sup> Steinunn Kristjánsdóttir 2000:11.

Uppgröftur hófst síðan á Kirkjutúninu á Skriðuklaustri í júní sumarið 2002, þ.e. tveimur árum eftir að forkönnunin var gerð þar. Hlé var tekið frá uppgreftri eftir tveggja mánaða samfellda vettvangsvinnu en unnið yfir vetrarmánuðina úr þeim gögnum sem grafin voru upp þá. Að loknu þessu fyrsta ári rannsóknar á Skriðuklaustri er ljóst að rústir þær sem grafið var í eru leifar vel varðveittra bygginga klaustursins sem rekið var á Skriðu á síðmiðöldum.

Í áfangaskýrslu þessari eru birtar niðurstöður frá þessu upphafsári fornleifarannsóknar á Skriðuklaustri.

### 3. Uppgröftur

Uppgröftur hófst á því að torf var tekið með gröfu ofan af áætluðu rannsóknarsvæði á Kirkjutúninu á Skriðuklaustri (mynd 1). Að því búnu var mælt út fyrir hnitakerfi og það sett upp. Fastur hæðarpunktur var einnig ákvarðaður. Hæðarpunkturinn og hnitakerfið var staðsett í þekktu hnitakerfi umhverfisins.



*Mynd 1. Torf tekið af rannsóknarsvæðinu með gröfu (Jón Ingi Sigurbjörnsson, 2002).*

Að loknum mælingum var hreinsað ofan af svæðinu með skóflum og því skipt niður í fjögur jafnstór vinnusvæði, 35 m<sup>2</sup> hvert þeirra að stærð, og þau aðgreind með bókstöfunum A, B, C og D (teikning 7.1.1). Uppgraftrarsvæði ársins 2002 mældist því

140 m<sup>2</sup> stórt en samkvæmt niðurstöðum forkönnunarinnar sem gerð var á staðnum sumarið 2000 er rústasvæðið allt tæpir 1200 m<sup>2</sup> á stærð.

### 3.1 Rústir

Fljótlega eftir að uppgröftur hófst komu í ljós veggir úr torfi og grjóti á öllum vinnusvæðunum fjórum. Útlínur þeirra skýrðust betur og betur allt eftir því sem neðar dró og smám saman mynduðu veggirnir litlar, afmarkaðar vistarverur eða byggingahluta sem þó eru samliggjandi (teikning 7.1.2).

Byggingahlutarnir eru allir frá sama tíma, reistir á lagi af gjósku sem fallið hefur á svæðið við gos í Veiðivötnum árið 1477, nema hugsanlega sá byggingahluti sem fram kom á svæði B. Gjóskulagið gefur til kynna að byggingahlutarnir allir hafi verið reistir skömmu eftir að gjóska þessi féll. Í torfi allflestra veggjanna komu einnig fram gjóskulög frá árunum 1362, 1410 og 1477, sem staðfestir enn frekar þessa aldursgreiningu.

Þá varð ljóst við uppgröftinn að bæjarstæðið, sem fannst undir klausturrústunum við forkönnunina sumarið 2000, var löngu lagt af þegar klaustrið var reist á Kirkjutúninu í lok 15. aldar.<sup>4</sup> Það var ekki kannað að öðru leyti sumarið 2002.

Byggingahlutinn sem greina mátti á svæði B getur hugsanlega tilheyrt öðru byggingarstigi klausturhúsanna eða jafnvel rústum fornbylisins sem liggur þar djúpt undir. Torfveggir þessa byggingahluta skilja sig frá öðrum byggingum á svæðinu að því leyti að þeir innihalda gjósku frá landnámsöld, sk. Landnámsgjósku, auk gjósku frá 1362 og 1477.

Rétt er þó að benda á að gjóska í torfi gefur aðeins vísbendingar um að viðkomandi bygging hafi verið reist eftir að gjóskan féll. Landnámsgjóska getur því allt eins fundist í veggjum bygginga frá 19. öld.

Auk Landnámsgjósku í veggjatorfi er annað sem bendir til að á svæði B hafi staðið bygging sem ekki hafi verið reist á sama tíma og aðrar byggingar á Kirkjutúninu. Önnur tækni hefur greinilega verið viðhöfð við gerð hennar en finna má í öðrum uppgröfnum byggingahlutum á svæðinu. Veggjagrjót í henni er t.d. talsvert stærra að ummáli en í rústum fundnum á öðrum svæðum.

---

<sup>4</sup> Magnús Sigurgeirsson 2002.

Ekki verður hægt að skera úr um aldur þessa byggingahluta, fyrr en grafið hefur verið niður á óhreyfðan jarðveg á svæði B.

Sé tekið mið af aldri allra annarra byggingahluta á rannsóknarsvæðinu, þ.e. á svæðum A, C og D, svo og grunnformi þeirra og gripum sem grafnir voru upp í þeim, er nokkuð víst að um rústir klaustursins er að ræða. Ekkert fannst við uppgröftinn sem bent gæti til þess að rústirnar á Kirkjutúninu séu leifar hefðbundins bæjarstæðis.

Einungis tókst þó að ljúka uppgreftri að fullu á svæði A en það sem af er hefur enn ekkert fundist sem bent gæti til veraldlegs amsturs á Kirkjutúninu, að fráskilinni brotinni sleggju en hún fannst í yfirborðslagi rústanna og gæti því hafa verið fleygt þangað eftir að klaustur lagðist af.

### 3.2 Gripir

Margir gripir komu í ljós við uppgröftinn á Skriðuklaustri í sumar. Samtals voru skráðir 244 gripir í fundaskrá uppgraftarins en í henni eru taldir gripir, bein og sýni. Dýrabeinin eru flest funda en einnig fundust nokkrir heillegir og greinanlegir gripir. Helst ber hér að nefna litunarstein, brennisteinsmola, þrjú stimpillakksbrot, þrjón, skæri, fimm hnífa, brýni, beltissylgju, brot af skrauti úr kertagrind eða kertastjaka, kljástein, sleggju, innflutta keramik, steint gler og heimasmiðaða hófnagla (teikning 7.1.3).

Flestir þessara gripa geta verið frá hvaða tímasteiði sem er frá miðöldum fram til 19. aldar en þó er strax hægt að aldursgreina skrautbrotið til 14. aldar (mynd 2) og sum keramikbrotin með vissu til síðari hluta 15. aldar eða fyrri hluta þeirrar 16. Gripir þessir eru þó allir mjög merkir, hver á sinn hátt, því allir varpa þeir ljósi á það starf sem fram fór á Kirkjutúninu á síðmiðöldum.

Litunarsteinninn og stimpillakkið benda til þess að unnið hafi verið við ritun handrita eða annarra skjala í klaustrinu. Skrifað var á skjöl og handrit með bleki, innfluttu eða heimagerðu, en handritin voru auk þess gjarnan skreytt með mismunandi litum. Litirnir gátu verið ýmis konar, bæði fengnir beint úr íslenskri náttúru eða fluttir inn. Til innfluttu litanna má telja sérstaka litunarsteina. Þeir voru við notkun muldir niður í fingert duft sem síðan var blandað saman við límkennt efni á borð við eggjarauðu, eggjahvítu eða fiskilím. Þetta var gert svo hægt væri að festa það við bókfellið.<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup> Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir 2002:53.





*Mynd 2. Brot af skrauti, líklega af kertagrind. Skrautið er úr járni, smíðað á 14. öld ef marka má skrautstílinn sem er gotneskur. Áður en gripurinn var röntgenmyndaður var talið að um ritstíl væri að ræða (Helgi Örn Pétursson, 2002).*

Stimpillakk var aftur á móti sem kunnugt er notað til að innsigla samninga, stofnbréf, sendibréf, erfðaskrár eða önnur slík skjöl, og jafnvel handrit. Flestir embættismenn áttu sér innsigli. Þekkt er frá Skriðuklaustri innsigli fyrsta próorsins þar, Narfa Jónssonar (d. 1509), en á innsigli hans er mynd af sýnikeri með þremur gluggum en á því hanga jafnframt þrjár bjöllur.<sup>6</sup>

Brennisteinsmolinn (*súlfat*) getur vel bent til blekgerðar. Hann fannst rétt utan við seyðana tvo sem grafnir voru upp á svæði A (teikning 7.1.2). Blek var venjulega gert úr trjáberki eða kvoðu og brennisteini. Þessi tvö efni voru seydd í járnþottum til þess að úr þeim yrði blek. Gott blek þurfti langa suðu og krafðist lögun þess mjög nákvæmrar kunnáttu.<sup>7</sup>

Rannsóknir hafa sýnt fram á að barksýrublek var notað við ritun á Íslandi, sem og annarsstaðar í Evrópu á miðöldum. Líkur eru þó taldar á því að blek hafi lengi framan af verið flutt inn til landsins eins og litunarsteinarnir sem notaðir voru til að skreyta bókfellið. Elstu heimildir um blekgerð á Íslandi eru frá 17. öld. Þar kemur fram að við gerð bleks hafi sortulyng verið soðið með ólaufguðum víðileggjum og sortu sem fengin var úr dökkum mýrarleir sem innihélt járnsúlfat.<sup>8</sup>

<sup>6</sup> Úr Sigilla Islandica. Gunnar F. Guðmundsson 2000:323.

<sup>7</sup> Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir 2002:52.

<sup>8</sup> Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir 2002:51-52.

Leiða má líkur að því að seyðarnir tveir sem fundust í rústum Skriðuklausturs sumarið 2002 hafi verið notaðir til að seyða blek. Brennisteinsmolinn styður þá kenningu en hann lá sem fyrr segir rétt utan við annan seyðinn. Hann mældist tæpir 5 cm í þvermál og telst því nokkuð stór. Sé þessi kenning rétt er hér fundið dæmi um blekgerð á Íslandi á 16. öld. Seyðunum verður annars nánar lýst hér á eftir í kaflanum um innréttingar.



*Mynd 3. Brennisteinn, litunarsteinn, stimpillakk og þrjár hnífur sem fundust í rústum klaustursins á Skriðu sumarið 2002 (Steinunn Kristjánsdóttir, 2003).*

Sr. Heimir Steinsson lýsir ítarlega í ritgerð sinni til embættisprófs við Guðfræðideild Háskóla Íslands öllum þeim gripum sem Skriðuklaustri taldist til eigna. Í lýsingum þessum styðst hann við ritaðar heimildir, aðallega úttektir ýmiskonar. Heimir bendir jafnframt á að engar ritaðar samtímaheimildir séu til varðveittar um klaustrið sjálft. Elsta úttektin er frá 1598, tæpri hálfri öld eftir að Skriðuklaustur var lagt af. Öðru máli gegni með klausturkirkjuna því hún var í notkun allt til loka 18. aldar, þó hún hafi ekki þjónað sem klausturkirkja eftir siðaskiptin.<sup>9</sup>

---

<sup>9</sup> Heimir Steinsson 1965:43 ff.

Af rannsóknnum Heimis má ráða að klaustrið á Skriðu hafi átt margt góðra gripa. Bækur í Skriðuklausturskirkju voru 55 talsins árið 1598 og telur Heimir að þær hafi ekki verið færri á þeim tíma sem klaustrið var starfrækt, jafnvel fleiri. Þessar bækur virðast glataðar þegar á 18. öld.<sup>10</sup> Að sögn Heimis er heldur ekki að fullu ljóst hvað varð um alla þá gripir sem klaustrið átti en líklega var þeim dreift um allt Fljótsdalshérað, því samkvæmt konungsskipun frá 1792 skyldu gripir Skriðuklausturs deilast út meðal kirkna í nágrennabyggðarlögum þess.

Í úttekt frá Skriðuklaustri 1779 eru taldir flestir þeirra sömu gripa sem taldir voru í úttektinni frá 1598, svo gera má ráð fyrir að öllum þessum gripum hafi verið deilt út til annarra kirkna á síðari hluta 18. aldar.<sup>11</sup> Heimir telur aftur á móti að gera megi ráð fyrir að gripir Skriðuklausturs hafi verið fleiri á tímum klausturhalds þar en þeir urðu síðar, vegna aðgerða umbótasinna við siðaskiptin. Þá voru gripir sem þóttu minna á kaþólskan sið yfirleitt annað hvort eyðilagðir eða teknir úr umferð með öðrum hætti. Telur Heimir t.d. að hinu þekkta Maríulíkneski sem fannst í fjárhúsvegg á Skriðuklaustri við lok 19. aldar og nú er varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands hafi verið komið undan, hugsanlega ásamt mörgum öðrum gripum er minntu á kaþólskan sið.<sup>12</sup>

### 3.3 Innréttingar

Af innréttingum þeim sem fundust í rústunum er helst að nefna seyðana tvo og einn opinn ofn. Einnig var stór gluggasteinn grafinn fram í útvegg á svæði A. Seyðarnir fundust einnig á svæði A en ofninn á svæði D (teikning 7.1.2).

Seyðar voru gerðir þannig að 20 - 30 cm djúpar holur voru grafnar í jörðu. Þær voru síðan fylltar með steinum sem höfðu verið hitaðir yfir eldi. Seyðar voru notaðir til suðu á matvælum eða öðru því sem þurfti langrar hitunar við. Pottar úr járnri voru látnir standa á heitum steinum með mat, bleki eða öðru slíku og það þannig seytt. Seyðarnir gátu haldið miklum hita í langan tíma vegna einangrunarinnar sem holan veitti.

Seyðarnir sem fundust á Skriðuklaustri voru misstórir (mynd 4). Annar þeirra mældist rúmur 1 metri í þvermál en hinn um 70 cm í þvermál. Sterkar líkur eru á því að þeir hafi verið notaðir til að búa til blek en sem fyrr segir var blek gert úr brennisteini og barksýru

---

<sup>10</sup> Heimir Steinsson 1965:85-86.

<sup>11</sup> Heimir Steinsson 1965:86-87; Helgi Hallgrímsson 1999:34-35.

<sup>12</sup> Heimir Steinsson 1965: 81, 87.

sem var seydd í langan tíma. Gripir sem benda til ritunar fundust einnig á svæðinu sem styðja þessa tilgátu (sjá umfjöllun um gripi í kafla hér á undan).<sup>13</sup>

Ofninn sem fannst við uppgröftinn á svæði D var hlaðinn úr hellum og grjóthnullungum (teikning 7.1.2). Hann hefur verið grafinn inn í einn vegginn til hálf, bak og hliðar hans gerðar úr reistum hellum en framhlið hans látin standa opin. Í botni hans var mikið af viðarkolaleifum og brenndum grjóthnullungum. Einnig mátti greina þykkt lag af ösku á afmörkuðu svæði fyrir framan hann. Ofninn hefur verið notaður til upphitunar innanhúss. Hann mældist um 40 cm á breidd og 30 cm á hæð.



*Mynd 4. Stefano Paci fornvistfræðingur grefur upp tvo seyða í rústum Skriðuklausturs. Brennisteinsmoli við annan seyðinn þar sem Stefano grefur með múrskleið (Steinunn Kristjánsdóttir, 2002).*

Steinda glerið sem fannst má túlka sem merki um verðmætar innréttingar klaustursins. Steinda glerið fannst á vinnusvæði A við rannsóknina en á sama svæði mátti glögglega sjá gluggastein í útvegg byggingarinnar sem þarna var grafin fram (teikning 7.1.2), svo greinilegt er að klaustrið var ekki gluggalaust. Steint gler var sjaldgæft á Íslandi á

---


<sup>13</sup> Soffía Guðný Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir 2002:51.

síðmiðöldum en til eru dæmi þess að það hafi verið notað hérlandis, s.s. í húsakynnum heldra fólks. Í Viðeyjarklaustri fundust einnig brot úr samskonar gleri þegar grafið var í rústir þess fyrir um áratug.

Eins og greint var frá hér í kaflanum á undan eru engar aðrar samtímaheimildir til um byggingar klaustursins en þær sem varðveittar eru í rústum þess á Kirkjutúninu. Aftur á móti eru til bæði munnlegar og ritaðar heimildir um uppistandandi byggingar á Skriðuklaustri eftir að klausturhald lagðist þar af. Til þessara bygginga telst klausturkirkjan sem stóð til loka 18. aldar. Ekki verður grafið í rústir hennar fyrir en sumarið 2003 eða síðar.

### 3.4 Bein

Mikið fannst af beinum húsdýra og fiska á rannsóknarsvæðinu. Tvær heilar hauskúpur af hestum fundust en búið er að tegundargreina öll bein. Engin mannabein voru í beinasafninu.



Mynd 5. Skipting húsdýrabeina milli tegunda.

Húsdýrabeinin eru af sauðfé, hestum, nautgripum og fuglum, líklega hænsnum. Bein af sauðfé eru langflest, nautgripabeinin fylgja þar á eftir hvað fjölda varðar, síðan hestabein og loks fuglabein sem eru örfá (mynd 5).<sup>14</sup>

Athyglisvert er að sauðfjárbeinin voru í nánast öllum tilfellum af kjötmestu pörtum skepnunnar, sem augljóslega hafa þá verið valdir sérstaklega úr þeim kjötminni.<sup>15</sup> Þessar


<sup>14</sup> Møller, Jonathan 2002.

<sup>15</sup> Møller, Jonathan 2002.

niðurstöður úr greiningu á beinasafninu sýna ekki aðeins að kinda- og lambakjöt hefur verið algengasta fæða reglubræðranna og þeirra sem höfðust við í klaustrinu á Skriðu, heldur hefir sérvalið kjötmeti verið þar helst á borðum.

Fisktegundirnar eru þrjár, silungur, þorskur og síld. Svipað magn fannst af þorsk- og silungsbeinum en síldarbeinin eru aðeins tvö talsins (mynd 6).<sup>16</sup> Silungurinn getur hafa verið veiddur í ám og vötnum í nágrenni Skriðuklausturs. Þorskurinn og síldin hafa líklega verið flutt þangað frá sjó en vitað er að Skriðuklaustur átti ítök allt að Héraðsflóa og á fjörðunum.<sup>17</sup>

Það verður þó að teljast afar merkilegt að síldarbein skuli hafa fundist í rústunum því síld þótti ekki mannamatúr fyrr en á síðari tímum. Síld var mikið notuð sem skepnufóður hér áður fyrr, en rústir þær sem grafið var í sumarið 2002 eru án efa mannabústaðir svo tæplega er hér um skepnufóður að ræða. Verið getur að þeir erlendu munkar sem hugsanlega höfðust við í klaustrinu hafi borið þennan sið með sér frá heimalandi sínu en reikna má með að einhverjir reglubræðranna hafi komið frá Hollandi þar sem síld var algeng fæða fólks.



Mynd 6. Skipting fiskbeina eftir tegundum.

Einnig má túlka síldarbeinin sem fundust í rústunum á Skriðuklaustri sem vísbendingu um að Íslendingar hafi borðað síld á miðöldum þó svo hafi ekki verið síðar. Rétt er að minna á að varðveisluskilyrði eru með eindæmum góð á Skriðuklaustri og því getur verið að síldarbeinin hafi varðveist betur þar en annarsstaðar. Auk þess eru beinin einungis tvö.

<sup>16</sup> Møller, Jonathan 2002.

<sup>17</sup> Heimir Steinsson 1965:126 ff.

## 4. Niðurstöður

Mikilvægum markmiðum hefur þegar verið náð nú að loknu fyrsta ári fornleifarannsóknarinnar. Munar þar mestu um hversu vel tókst til við að safna gögnum og upplýsingum í uppgreftrinum á Skriðuklaustri sumarið 2002. Við forkönnunina sem gerð var á staðnum sumarið 2000 kom margt í ljós sem benti til þess að rústir Skriðuklausturs væri að finna á Kirkjutúninu en löngum hafði verið talið að það hefði staðið á sjálfu bæjarstaðinu á Skriðu. Þetta hefur nú verið staðfest með áframhaldandi rannsóknum á staðnum.

Varðveisluskilyrði í Fljótsdal eru með eindæmum góð og rústir klaustursins því mjög vel varðveittar. Það sama gildir um gripi og bein. Rústirnar eru sömuleiðis nánast óskemmdar af seinni tíma jarðraski en þær liggja að mestum hluta eftar rústa á rannsóknarsvæðinu, rétt undir yfirborðinu. Það er ómetanlegt fyrir framgang fornleifarannsóknar þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi og gerir árangur vísari en ella.

### 4.1 Klaustur byggt á Kirkjutúninu um aldamótin 1500

Gjóskulög á rústasvæðinu eru mjög skýr og henta vel til aldursgreiningar á þeim byggingum sem þarna stóðu. Þau gjóskulög sem nýtast best í þessu tilliti er gjóska úr gosi í Veiðivötnum árin 1477 og 1717. Af þessum gjóskulögum má sjá að rústirnar eru af byggingum sem reistar voru stuttu eftir að 1477-gjóskan féll á svæðinu og að byggingarnar höfðu verið yfirgefnar nokkuð löngu áður en gos varð í Veiðivötnum árið 1717. Þetta staðfestir að byggingarnar sem stóðu á Kirkjutúninu eru frá klausturtímanum.

Um fáar byggingar getur verið að ræða aðrar en klaustrið sjálft sem samkvæmt rituðum heimildum var starfrækt á jörðinni á árunum 1493-1552. Í veggjatorfi bygginganna má einnig greina gjósku frá gosi úr Örafajökli árið 1362, auk gjóskunnar úr Veiðivatnagosinu árið 1477, sem staðfestir sömuleiðis að byggingar þessar voru reistar eftir að umrædd gos urðu.<sup>18</sup>

---

<sup>18</sup> Magnús Sigurgeirsson 2002.



Gjóska úr Öskjugosinu árið 1874 er einnig mjög mikil og greinileg á rústasvæðinu.<sup>19</sup> Svo virðist sem rústir klaustursins hafi verið greinanlegar á yfirborði jarðar þegar Askja gaus, því gjóskunni frá henni hefur verið mokað í eina tótt á staðnum þegar tún voru hreinsuð eftir gosið. Engar rústir fyrir utan rúst kirkjunnar og kirkjugarðsins, sem voru í notkun allt fram til loka 18. aldar, eru annars greinanlegar á yfirborði rannsóknarsvæðisins í dag.



*Mynd 7. Þegar grafið hafði verið undir rústirnar kom í ljós dökkt, óslitið gjóskulag frá gosi í Veiðivötnum árið 1477. Þetta sýnir að byggingin var reist skömmu eftir að gjóskan féll yfir svæðið (Steinunn Kristjánsdóttir, 2002)*

Afstaða gjóskulaga og annarra jarðlaga á rústasvæðinu sýndu jafnframt að undir rústunum frá klausturtímanum eru aðrar enn eldri rústir, trúlega leifar bæjarstæðis frá landnámsöld, en bæjarstæði þetta hefur verið farið í eyði þegar gos varð í Heklu árið 1158. Samkvæmt þessu varð nokkurra alda hlé á búsetu á Klausturtúninu eftir að býlið var yfirgefið á 12. öld, þar til að klaustur var reist þar við lok 15. aldar.

---

<sup>19</sup> Magnús Sigurgeirsson 2002.



Ekki gerist þess þörf að svo stöddu að láta greina bein, við eða önnur lífræn efni til kolefnisaldurs vegna þess hve skýr gjóskulögin eru á staðnum en þau koma að mjög góðum notum við aldursgreiningar. Skekkjumörk kolefnisaldursgreininga geta numið allt að 60 árum og rekstartími klaustursins var stuttur, svo ekki er víst að slíkar greiningar gæfu af sér nákvæmari upplýsingar en þær sem þegar liggja fyrir. Rétt er þó að benda á að einnig verður stuðst við ritaðar heimildir og aldur nokkurra gripa sem fundust við uppgröftinn, auk gjóskulagatímatalesins, við aldursgreiningu og túlkun á minjunum á Klausturtúninu. Kolefnisaldursgreiningarnar verða aftur á móti látnar bíða um sinn.

## 4.2 Kirkjutúnið á Skriðu

Sem fyrr segir hefur nú verið staðfest með fornleifauppgreftinum á Skriðuklaustri að rústir klaustursins stóðu á Kirkjutúninu, um 150 metrum neðan við gamla bæjarstæðið á Skriðu. Klausturkirkjan, sem samkvæmt rituðum heimildum var reist þar á túninu um aldamótin 1500, hefur verið hluti af því.<sup>20</sup> Eins og áður sagði er í dag greinileg rúst þessarar kirkju og ferhyrndur kirkjugarður sem umlykur hana. Aðrar rústir eru ekki sýnilegar á yfirborði túnsins.

Gömul helgisögn greinir frá kraftaverki sem átti sér stað á Kirkjutúninu á 15. öld. Valþjófsstaðarklerkur átti leið út dalinn að þjónusta dauðvona sóknarborn. Á leiðinni týndi hann kaleik sínum og patínu. Var maður sendur að leita og fannst hvort tveggja á þúfu neðan við bæinn að Skriðu. Kaleikurinn var fullur af víni, patínan yfir og á henni brauð. Litið var á þetta sem kraftaverk og reist kapella til minningar um atburðinn með altarið þar sem þúfan var. Síðan var þar stofnað klaustur, helgað Maríu mey og blóði Krists.<sup>21</sup>

Samkvæmt rituðum heimildum var kirkjan á Kirkjutúninu í notkun vel á aðra öld eftir að klausturhald lagðist af árið 1792. Hún var endurgerð nokkrum sinnum á því tímabili. Við uppgröftinn á Skriðuklaustri kom í ljós að kirkjugarðsveggurinn er yngri en klausturrústirnar sem liggja undir honum. Kirkjugarðsveggurinn hefur því greinilega verið gerður eftir að hætt var að nota byggingar klaustursins. Engar skemmdir hafa orðið

---

<sup>20</sup> Helgi Hallgrímsson 1999:35.

<sup>21</sup> Helgi Hallgrímsson 1987-88:5b.

á klausturrústunum sjálfum við gerð hans, því hann er hlaðinn úr torfi og lagður yfir þær (teikning 7.1.1).

Kirkjugarðurinn á Kirkjutúninu er sagður hafa verið vígður af biskupi þann 23. ágúst 1496 en nákvæmur vígsludagur kirkjunnar sjálfar er ekki þekktur. Samkvæmt vígslubréfi þar um skyldu heimamenn klaustursins og pílgrímar þeir sem deyja á staðnum vera jarðsettir í kirkjugarðinum, auk þeirra sem sérstaklega kjósa sér legstað þar.<sup>22</sup>

Við rannsóknina sumarið 2002 var hvorki grafið í rúst kirkjunnar né í kirkjugarðinn en fullvíst má þó telja að kirkjan á Kirkjutúninu sé klausturkirkjan sjálf. Í rannsóknaráætlun Skriðuklaustursrannsókna er gert fyrir uppgrefti á þessum svæðum sumrin 2003 og 2004.

### 4.3 Andlegt amstur aðskilið frá því veraldlega

Löngum hefur verið talið að á Íslandi hafi klausturhald farið fram samhliða veraldlegu amstri í bæjarhúsum þeim er stóðu á klausturjörðunum, m.ö.o. að klausturhald hafi ekki farið fram í sérstökum byggingum eins og tíðkaðist erlendis.<sup>23</sup> Rétt er þó að geta þess að þessi tilgáta hefur verið dregin sérstaklega í efa ekki síst í ljósi þess að slíkt fyrirkomulag þekkist ekki í nágrannalöndum okkar en einng vegna þess að samtímaheimildir um íslensk klaustur hefur skort.<sup>24</sup>

Viðtekin venja var að evrópsk klaustur væru rekin í sérstakri byggingu sem samanstóð af nokkrum, litlum, samföstum vistarverum, kirkju og klausturgarði. Á klausturjörðunum stóðu einnig stórir bæir þar sem hið mikla veraldlega amstur sem fylgdi rekstri klaustranna fór fram.

Enn sem komið er hafa engin ummerki veraldlegs amsturs komið í ljós á því uppgrafrarsvæði sem opnað var árið 2002. Þessar niðurstöður gefa tilefni til þess að ætla að klaustrið á Skriðu hafi verið starfrækt í sérstakri byggingu, aðskilið frá veraldlegum umsvifum á bænum á Skriðu. Samkvæmt þessu hefur hin andlega hlið klausturlífsins farið fram í byggingunum á Kirkjutúninu en hin veraldlega hlið þess hefur farið fram í bæjarhúsum er þá stóðu á bæjarstæði Skriðu. Þessar niðurstöður samrýmast því

---

<sup>22</sup> Helgi Hallgrímsson 1987-88:4.

<sup>23</sup> Anna Sigurðardóttir 1988:293; Hörður Ágústsson 1989:293-296.

<sup>24</sup> Guðrún Harðardóttir 1998:34.

hugmyndum um hlutverk klaustra en þau áttu umfram allt að vera pílgrímastaður sem var lokaður frá hinum veraldlega heimi.<sup>25</sup>

Grunnform þeirra rústa sem þegar hafa verið grafnar upp á Skriðuklaustri benda til þess að klausturbyggingin hafi verið samansett úr þétt samliggjandi vistarverum og að kirkjan sem þar stóð hafi verið hluti af því. Grunnform þetta er sambærilegt við það sem þekkist frá öðrum evrópskum miðaldaklaustum. Í klaustri þurftu að vera vistarverur sem gengdu ákveðnum hlutverkum, auk kapellu eða kirkju. Algengt var þó að klaustrin ættu auk þess sóknarkirkjur utan klausturmúranna en ekki var gert ráð fyrir að munkarnir þjónuðu þeim. Þess eru þó dæmi.<sup>26</sup>



*Mynd 8. Rannsóknarsvæðið á Skriðuklaustri í Fljótsdal sumarið 2002 (Sófus Jóhannsson 2002).*

Fjarlægð klausturkirkjunnar frá bæjarstæðinu á Skriðu hefur valdið fræðimönnum heilabrotum, sé tekið mið af hugmyndum um það að klaustrið sjálf hafi verið staðsett á

<sup>25</sup> Gunnar F. Guðmundsson 2000:223.

<sup>26</sup> Gunnar F. Guðmundsson 2002:224-225.

bæjarstæðinu. Heimildir geta aðeins um heimakirkju á Skriðubænum, sem staðsett var nærri bæjarstæðinu, auk klausturkirkjunnar sem staðsett var á Kirkjutúninu.<sup>27</sup>

Sú staðreynd að tvær kirkjur skuli hafa verið í notkun samtímis á Skriðu ytir undir hugmyndir um að klausturlífið hafi verið aðskilið frá öðrum umsvifum á Skriðubænum. Kirkjan á Kirkjutúninu hefur þá aðeins þjónað klausturbúunum en heimakirkjan heimamönnum á Skriðu. Þetta staðfestir enn og aftur þá tilgátu sem uppgröftur þar hefur svo sannað, að klaustrið hafi verið byggt á Kirkjutúninu en ekki á bæjarstæðinu.

Reglubræður þurftu að hafa beinan og daglegan aðgang að kirkju fyrir messur jafnt sem tíðasöng. Messur voru haldnar a.m.k. tvisvar á sólarhring og tíðasöngur 4-5 sinnum. Kirkjuklukkunni var hringt til að kalla munkana til tíða og messu. Mikilvægt var að mætt yrði til óttusöngs fyrir fyrstu morgunskímu dagsins og eins til náttisöngs fyrir náttmyrkrið. Hver og einn skyldi einnig ganga tafarlaust til kirkjunnar en þó án nokkurs asa sem þótti refsiverður.<sup>28</sup> Kirkjan getur því vart hafa staðið langt fjarri öðrum klausturhúsum.

Einnig er talið fullvíst að klausturkirkjan á Skriðu hafi aldrei þjónað sem sóknarkirkja, þrátt fyrir meintan íburð hennar og stærð, vegna nálægðarinnar við höfuðkirkjuna á Valþjófsstað.<sup>29</sup> Hlutverk hennar hefur því aðeins verið það eitt, á meðan klaustur var starfrækt á Skriðu, að þjóna mörgum þeirra mikilvægu þátta sem heyrðu til andlegs lífs í klaustrum.

